

Sérstakur fundur utanríkisráðherra og samstarfráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

16. september 2014 kl. 15:00 í utanríkisráðuneytinu

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.

Frá samstarfsráði: Þorsteinn Ingólfsson formaður, Drífa Hjartardóttir, Guðmunda Vala Jónasdóttir, Guðrún Erlingsdóttir, Inga Dóra Pétursdóttir, Ragnar Schram, Guðrún Sveinsdóttir, Ragnar Gunnarsson, Jónína Einarsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir.

Fyrir hönd UTN og ÞSSÍ: María Erla Marelsdóttir, Kristín Anna Tryggvadóttir, Sunna Gunnars Marteinsdóttir

Mál á dagskrá fundarins:

Á fundinum var aðeins eitt stórt mál á dagskrá: Niðurstöður úttektar Þóris Guðmundssonar á skipulagi þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoðar.

1. Inngangsorð ráðherra og kynning á nýjum formanni

Ráðherra bauð fundarmenn velkomna, ekki síst nokkra nýja fulltrúa sem og Þorstein Ingólfsson sendiherra sem nýjan formann ráðsins.

2. Um skýrslu Þóris

Ráðherra kynnti Þóri Guðmundsson og útskýrði forsögu úttektarvinnu hans. Þróunarsamvinnunefnd OECD hafi lagt til árið 2013 að íslensk stjórnvöld legðu mat á heildarskipulag og fyrirkomulag íslenskrar þróunarsamvinnu út frá háþyrðingunni árangurs og skilvirkni hjá svo smáum ríki. Í kjölfarið hafi hann fengið Þóri til að framkvæma greiningu og gera umbótatillögur teldi hann þörf á þeim. Hann hafi áralanga reynslu af alþjóðasamstarfi og störfum í þróunarlöndum. Þórir hefði skilað skýrslu í júlí 2014, með margvíslegum úrbótatillögum, eftir að hafa m.a. rætt við hátt í 200 manns bæði innan- og utanlands.

Þórir Guðmundsson kynnti að þessu loknu tillögur sínar fyrir ráðinu.

3. Ráðherra um skýrslu Þóris

Ráðherra sagði margt jákvætt hafa gerst frá því ný lög um þróunarsamvinnu tóku gildi árið 2008. Samhæfing tvíhliða og fjölþjóðlegs samstarfs hafi aukist umtalsvert. Enn skorti þó upp á að unnið sé að þróunarsamvinnu með nægjanlega heildrænum hætti og talsvert svigrúm sé til að bæta samhæfinguna með aukinn árangur af framlögum Íslands að leiðarljósi. Eins og ráðsmenn hafi heyrt séu rök Þóris fyrir því að færa starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands inn í utanríkisráðuneytið af margvíslegum toga, og snúi þau helst að aukinni

samhæfingu, árangri, skilvirkni og samlegðaráhrifum af starfi Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Nýting fjármuna verði betri og auknir möguleikar á hagræðingu til lengri tíma litið. Mörg ríki sem Íslendingar beri sig saman við hafi farið þá leið að fella framkvæmd þróunarsamvinnu inn í sín utanríkisráðuneyti, s.s. Noregur, Finnland, Danmörk, Holland og Írland. Þá hafi Nýja-Sjáland, Ástralía og Kanada einnig felld þróunarsamvinnustofnanir sínar inn í ráðuneyti á undanförunum árum.

Ráðherra kom einnig inn á aðrar tillögur Þóris, s.s. um breytingar á samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu og breytingar til að tryggja ríkara eftirlit Alþingis með þróunarsamvinnu. Hann lauk máli sínu með því að benda á að heildarskipulag þróunarsamvinnu snúist um það hvaða skipulag stuðli að mestum árangri. Hann sé sammála þeim rökum sem fram hafi komið hjá Þóri. Því hafi hann tekið ákvörðun um að láta vinna drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008 sem feli í sér að starfsemi ÞSSÍ verði færð inn í utanríkisráðuneytið. Aðrar úrbótatillögur Þóris væru einnig til skoðunar.

Ráðherra fullvissaði alla fundarmenn um að þrátt fyrir ákvörðun um að starfsemi ÞSSÍ renni inn í ráðuneytið verði tryggt að starfsmönnum ÞSSÍ verði ekki sagt upp og muni við sameiningu verða starfsmenn ráðuneytisins.

Í kjölfar kynningarinnar spunnust umræður. Þar sem fundurinn var aðeins til upplýsinga og umræðna voru engar ákvarðanir teknar á honum.